


Hvaða upplýsingar er að finna í gagnagrunninum?



Gagnagrunnur munaðarlausra verkra

Nýr gagnagrunnur fyrir höfundarverk

Munaðarlaus verk er heiti yfir hvers kyns höfundarverk, til að mynda bækur, kvikmyndir, blaðagreinar og annað efni, sem nýtur höfundarréttarverndar án þess þó að kunnugt sé um réttthafa og aðsetur hans.

Í bókasöfnum og hvers kyns öðrum söfnum, í safnkosti útvarpsrekenda í almannajónustu og hjá opinberum stofnunum Evrópulandanna er að finna milljónir munaðarlausra verka.

Í tilskipun Evrópusambandsins 2012/28/ESB, sem öðlaðist gildi við lok ársins 2012, eru settar sameiginlegar reglur um stafræna endurgerð munaðarlausra verka sem birtust eða var útvarpað fyrst í einhverju aðildarríkja Evrópusambandsins, svo og um birtingu þeirra á netinu.

Opinberum stofnunum eru samkvæmt tilskipuninni heimil afnot af verkum sem flokkuð hafa verið sem munaðarlaus að lokinni kostgæfilegri leit. Öll munaðarlaus verk ber að skrá í gagnagrunn sem er sameiginlegur Evrópusambandsríkjunum og var Samhæfingarskrifstofu innra markaðarins (EUIPO) falið að koma honum á fót.

Hvernig á að nota gagnagrunninn?

Gagnagrunnur munaðarlausra verka er starfræktur í þeim tilgangi að safna upplýsingum um munaðarlaus verk sem finna má í safnkosti almenningsbókasafna og hvers kyns annarra almenningssafna í hverju landi, svo og í skjalasöfnum og hjá varðveislustofnunum kvikmynda- og hljóðefnis og útvarpsstofnunum sem sinna almannajónustu í aðildarríkjum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Menningarstofnanir af þessu tagi, sem hafa höfundarverk í fórum sínum, verða fyrst að leita kostgæfilega að réttihöfum verkanna.

Sé leit að réttthafa árangurslaus sendir hlutaðeigandi menningar-, mennta- eða útvarpsstofnun upplýsingar um munaðarlaus verk, sem eru í hennar vörslu, til lögbærs stjórnvalds í viðkomandi landi. Viðkomandi lögbært stjórnvald framsendir upplýsingarnar síðan til skráningar í Gagnagrunni munaðarlausra verka. Þegar verk af þessu tagi hafa verið flokkuð sem munaðarlaus í einu landi teljast þau munaðarlaus í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta merkir að hverri þeirri menningarstofnun, sem varðveitir slík verk í safnkosti sínum, er heimilt að endurgera þau stafrænt og gera þau tiltæk almenningi í öllum þessum ríkjum.

Beri réttthafi kennsl á eitt verka sinna í gagnagrunninum getur hann farið fram á að stöðu þess verði breytt þannig að það verði ekki lengur skráð sem munaðarlaust.

Almenningur getur nýtt sér gagnagrunninn til að afla upplýsinga um munaðarlaus verk.

Með þessum hætti opnast menningarstofnunum, hugsanlegum réttihöfum munaðarlausra verka og öllum almenningi ein, heilstæð leið til að finna upplýsingar um verk af þessu tagi.

Aðgangur að Gagnagrunni munaðarlausra verka er veittur á eftirfarandi slóð:

<https://euiipo.europa.eu/orphanworks/>



Þeim, sem vilja nýta sér Gagnagrunn munaðarlausra verka og þarfnast aðstoðar eða frekari upplýsinga, er bent á eftirfarandi netfang:

observatory.orphanworks@euiipo.europa.eu

Hverjum nýtist gagnagrunnurinn?

Menningarstofnanir geta skráð upplýsingar um munaðarlaus verk á einum stað í gagnagrunni með öpunum aðgangi á netinu.

Í gagnagrunninum má nálgast endurgjaldslaut upplýsingar um munaðarlaus verk sem er að finna í hinum 28 aðildarríkjum Evrópusambandsins og EES-ríkjunum.

Réttthafar geta komist að því hvort verk þeirra hafa verið notuð og geta jafnframt fengið stöðu þeirra breytt þannig að þau verði ekki lengur skráð sem munaðarlaus verk.

MENNINGARSTOFNANIR

